

Dómsorð:

Stefndi, Keflavíkurkaupstaður, greiði stefnanda, Ingibergi Jens Guðjónssyni, kr. 10.197.67 með 6% ársvöxtum frá 4. janúar 1948 til greiðsludags og kr. 1.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. apríl 1958.

Nr. 39/1958. **Kvenfélagið Hringurinn**

gegn

**Kristni Magnússyni,
Maríu Magnúsdóttur,
Sigríði Kristinsdóttur,
Margréti Kristinsdóttur,
Magnúsi Sverrissyni,
Gunnari Sverrissyni**

og

Birni Gunnlaugssyni.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-
son og Jón Ásbjörnsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og
Ólafur Jóhannesson.

Vitnaskylda læknis. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Borgarfógetinn í Reykjavík, Kristján Kristjánsson, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 1. marz 1958, sem barst hingað 18. s. m. Krefst hann, að þess verði synjað, að Björn Gunnlaugsson læknir staðfesti fyrir dómi vottorð sitt á dskj. 21 og að hann beri að öðru leyti vitni í málinu. Hann krefst og, að varnaraðiljunum Kristni Magnússyni og Maríu Magnúsdóttur verði dæmt að greiða honum kostnað af kærumálinu eftir mati dómsins.

Varnaraðiljar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðilja dæmt að greiða þeim kærumálskostnað.

Samkvæmt sjónarmiðum 24. og 26. gr. laga nr. 42/1949 skal leiða í ljós, hvort arfleiddandi hafi verið svo andlega heill heilsu, að hann hafi verið fær um að gera erfðaskrá. Er því heimilt að leita vættis læknis arfleifanda um efni þau, sem í máli þessu greinir. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðiljum kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Kvenfélagið Hringurinn, greiði varnaraðiljum, Kristni Magnússyni, Maríu Magnúsdóttur, Sigríði Kristinsdóttur, Margréti Kristinsdóttur, Magnúsi Sverrissyni, Gunnari Sverrissyni og Birni Gunnlaugsyni, kærumálskostnað, kr. 1500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 1. marz 1958.

Í réttarhaldi í máli þessu, sem háð var hinn 25. f. mán., ítrekaði umboðsmaður sóknaraðilja, Gunnar A. Pálsson hrl., gerða kröfu þess efnis, að Björn Gunnlaugsson læknir yrði leiddur sem vitni í máli þessu. Hann krafðist þess og, að sóknaraðiljum yrði úrskurðaður málskostnaður úr hendi varnaraðilja fyrir þenna þátt málsins út af fyrir sig.

Umboðsmaður varnaraðilja, Gústaf A. Sveinsson hrl., endurtók áður fram komin mótmæli við því, að vitnaleiðsla þessi yrði látin fara fram. Hann mótmælti málskostnaðarkröfu umboðsmanns sóknaraðiljanna, en tók fram, að hann hefði ekki uppi málskostnaðarkröfu vegna þessa atriðis sérstaklega.

Munnlegur flutningur fór þegar í stað fram um atriði þetta, og er það hér til úrskurðar.

Með arfleiðsluskrá, dagsettri 21. ágúst 1954 og staðfestri notari-

aliter, gerði frú Sigríður Einarsdóttir, Ásvallagötu 1, þá ráðstöfun eigna sinna eftir sinn dag, að kjörbörn hennar og Magnúasar Benjamínssonar úrsmíðameistara, sem þá var látinn, þau Kristinn E. Magnússon, Þinghóltsstræti 23, og María Magnúsdóttir, Ægissíðu 46, skyldu hljóta í arf eftir sig kr. 200.000.00 hvort, en kjörbarnabörnin skyldu hvort um sig fá kr. 25.000.00. Það, sem afgangsrýði af eignunum, skyldi renna til Kvenfélagsins Hringingsins, og með þeim stofna „Minningarsjóð Magnúasar Benjamínssonar úrsmíðameistara og Sigríðar Einarsdóttur“.

Ágreiningur hefur orðið um gildi arfleðsluskrárinnar. Hafa kjörbörn og kjörbarnabörn frú Sigríðar meðal annars mótmælt því, að hún hafi getað verið svo andlega heil, er hún undirritaði skrána, að hún hafi getað gert sér grein fyrir því, sem hún var að gera. Er hér m. a. stuðzt við vottorð Björns Gunnlaugssonar lækni, heimilislækni hinnar látnu, en vottorð þetta er lagt fram í málinu sem rskj. nr. 21.

Af hálfu varnaraðilja hefur vottorði þessu verið mótmælt sem röngu og óstaðfestu. Mætti Björn Gunnlaugsson lækni hér í réttinum hinn 2. desember s.l., en af hálfu varnaraðilja voru þá þegar höfð uppi mótmæli við því, að hann bæri vitni í málinu. Þegar daginn eftir mætti kjördóttir hinnar látnu, María Magnúsdóttir, í réttinum og lýsti því yfir, að það væri vilji sinn, að Björn Gunnlaugsson yrði leiddur sem vitni í erfðamáli þessu um þau atriði, sem snertu heilsufar hinnar látnu, sérstaklega á þeim tíma, sem hún undirritaði skrána. Í sama réttarhaldi var lögð fram yfirlýsing Kristins E. Magnússonar, þar sem hann samþykkir og krefst jafnframt, að Björn beri vitni um líkamlegt og andlegt heilsufar hinnar látnu. — Í réttarhaldi í máli þessu hinn 20. janúar s.l. ítrekaði Kristinn samþykki þetta og kröfu.

Er skiptamál þetta var fyrir hinn 25. f. m., hafði umboðsmaður sóknaraðilja enn uppi þá kröfu, að tekin yrði vitnaskýrsla af Birni lækni Gunnlaugssyni. Því er haldið fram, þessari kröfu til styrktar, að Björn, sem hafði verið heimilislækni hinnar látnu um margra ára skeið, hafi manna bezt og einn lækna fylgzt með heilsufari hennar, en eins og áður greinir, byggist kröfugerð sóknaraðilja máls þessa m. a. á því, að hina látnu hafi skort andlegt heilbrigði til þess, að hún gæti gert bindandi arfleðsluskrá. Sé því óumflýjanlegt, að vitnisburðar læknisins verði aflað. Stoði nú ekki í þessu sambandi að vitna til lagaákvæða um þagnarskyldu læknis, þar eð bæði kjörbörn hinnar látnu hafi samþykkt, að heimilislækni hennar verði leiddur sem vitni um atriði þetta.

Umboðsmaður varnaraðilja hefur enn sem fyrr mótmælt því, að vitnaleiðsla þessi fari fram. Vitnar hann til ákvæða 126. gr. laga nr. 85 frá 1936 um þagnarskyldu vitnis almennt svo og til ákvæða 10. gr. laga nr. 47 frá 1932 um þagnarskyldu læknis. Með tilliti til ákvæða þessara heldur hann því fram, að Björn Gunnlaugsson hafi rofið ótvíræða þagnarskyldu sína með því að gefa vottorðið á rskj. nr. 21. Aðeins hin látna hefði getað leyst hann frá þessari þagnarskyldu, en samþykki kjörbarnanna sé alls einskis nýtt. Ekki sé heldur um það að ræða, að honum hafi borið skylda til að láta uppi trúnaðarmál sem þetta, hvorki vegna almenningsheilla eða frá því sjónarmiði, að úrslit mikilvægs máls geti á því oltið. Þannig geti heldur ekki komið til mála að leyfa vitnaleiðslu þessa.

Þar sem komin er fram krafa frá kjörbörnum hinnar látnu um það, að Björn Gunnlaugsson heimilislæknir hennar, verði leiddur sem vitni um heilsufar hennar um það leyti, sem hún gerði arfleiðsluskrá þá, sem hér um ræðir, og þar sem ekki er útilokað, að vitnaframburður hans geti haft þýðingu fyrir úrslit þessa máls, þykir rétt að leyfa hina umbeðnu vitnaleiðslu.

Ekki þykir rétt að taka til greina málskostnaðarkröfu sóknaraðilja vegna atriðis þessa sérstaklega.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna vitnaleiðsla skal fara fram.

Málskostnaðarkrafa sóknaraðilja vegna atriðis þessa verður ekki tekin til greina.
